

Nr. 107 / 12 Goðafoss***Skipverji fær aðskotahlut í auga***

IMO.nr. 9086796
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. júlí 2012 var Goðafoss á siglingu frá Þórshöfn í Færeyjum til Rotterdam. Veður: VSV 5-6 m/s

Skipverji var að vinna með slípirokk með skurðarskífu við að fjarlægja tessa á lestarlúgukarmi. Þegar hann lauk vakt sinni varð hann var við að eitthvað hafði farið í vinstra auga. Hann var sendur til læknis í Rotterdam en þar náðist ekki að fjarlægja stálflísina sem hafði brennst í hornhímnuna. Leitaði hann aftur til augnlæknis við komu til Helsingborgar þar sem flísin var fjarlægð.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafi verið að skera tessann í sundur og unnið með rokkinn fyrir ofan sig. Hann hafa verið klæddur þeim öryggisbúnaði sem krafist er við vinnu og þar með öryggisgleraugu en einhverra hluta vegna hafi glóandi neisti komist á bak við gleraugu og í augað.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.